

Talmál - Ritun

Mikilvægt er að innlögð sé nákvæm og auðskiljanleg fyrir nemendur.

Að taka viðtal.

Viðtalstækni er notuð til að gefa nemendum færi á að æfa ákveðinn orðaforða.

Þjálfun í ritun eftir viðtali.

Viðtalið er notað sem uppskrift fyrir nemendur til að þjálfra ritun um ákveðið efni.

Innlögð:undirbúningur fyrir viðtalið og ritunina.

1. Kennari skrifar spurningar á töflu, nemendur skrifa spurningarnar af töflunni í stílabók merkt Viðtöl/Ritun. Nemendur sem eiga erfitt með að skrifa fá spurningar á blaði og líma þær í stílabók og fylgjast svo vel með. Dæmi um spurningar á töflu

Hvað heitirðu? Hvað heitirðu fullu nafni? Hvar áttu heima? Við hvaða götu býrðu?

2. Kennari sýnir nemendum hvernig á að svara spurningunum. Kennari notar rauðan lit fyrir svörin og svarar fyrir sjálfan sig.

Hvað heitirðu? Ég heiti _____ Hvað heitirðu fullu nafni? Ég heiti _____ fullu nafni. Hvar áttu heima? Ég á heima í _____ Við hvaða götu býrðu? Ég bý á _____

3. Kennari sýnir viðtalið sem nemendur eiga að taka hver við annan með því að taka viðtal við nemendur (ein spurning á nemanda) og skrifa upplýsingarnar á töfluna.

4. Viðtalið. Hver nemandi fær útprentað blað frá kennara með spurningum sem taka á í viðtalinu.

5. Tveir nemendur skiptast á að taka viðtal hvor við annan og skrifa svörin á fyrrnefnt blað. Nemendur merkja blaðið þeim nemanda sem svara spurningunum.

Anna Guðrún Júlíusdóttir 2004 kennsluleiðbeiningar þjálfun í að taka viðtöl, svara spurningum og þjálfra rétta ritun.

6. Þegar viðtalinu er lokið, víxla nemendur blöðum þannig að hver neamdi hefur sín svör.

Þróun ritunar út frá viðtali

Sögur nemenda

Nemendur þróa sögur um sjálfa sig. Dæmi um sögur :

Um mig

Fjölskylda mín

Heimili mitt

Uppáhaldstónlistin mín

Besti vinur minn

Forvinna (sjá einnig dæmi að ofan)

Nemendur lesa dæmi um sögur sem lestrarverkefni.

Semjið mikið af spurningum fyrir nemendurna til að svara.

Nemendur svara spurningunum

Eftir að nemendur hafa svarað spurningunum á blað biðjið nemendur um að svara mismunandi spurningum á töfluna. Farið yfir öll vandamál sem koma upp tengt uppbyggingu setninga í málinu.

Að lokum eiga nemendur að taka eitt viðtal. Bendið nemendum á að reyna að spyrja spurninga um atriði sem þeir vilja fá meiri upplýsingar um.

Ritunin

Nemendur nota dæmisöguna til að setja saman setningar.

Forvinna.

Nemendur mynda hópa og lesa sögurnar fyrir hvort annað. Nemendur eru því næst beðnir um að svara eftirfarandi spurningum.

Spurðu spurninga um sögu bekkjarfélaga þíns. Er eitthvað sem þú skilur ekki alveg?

Tókstu eftir einhverjum stafsetningarvillum?

Tókstu eftir einhverjum öðrum mistökum?

Nemendur endurskrifa sögurnar og skila til kennara.

Kennari les sögurnar og gefur umsögn. Ummælin eru mismunandi eftir því hvar nemandinn er staddur í náminu. Í byrjun fer ég fram á fáar setningar. Ég set ekkert út á stafsetningu eða setningarritun. Ég spyr spurninga til að fá meiri upplýsinga. Ég tek eitt málfræði atriði fyrir og set hring utan um þessa einu villu.

Anna Guðrún Júlíusdóttir 2004 kennsluleiðbeiningar þjálfun í að taka viðtöl, svara spurningum og þjálfra rétta ritun.

Haldið áfram að leiðbeina, endurskrifa, leiðbeina, endurskrifa þar til nemandanum finnst að verkinu sé lokið.

Birtið öll verkefni nemenda með því að gera bekkjarbók eða festa upp á vegg eða setja inn á vefsíðu.

Ritun: matsblað fyrir nemendur.

já nei Titill er á sögunni

já nei Fullt nafn höfundar er undir titlinum

já nei Hver setning byrjar á stórum staf.

já nei Hver setning endar með punkti.

já nei Stafsetning er rétt.

Ég hef lesið þessa frásögn.

Undirskrift:

1. _____

2. _____

Anna Guðrún Júlíusdóttir 2004 kennsluleiðbeiningar þjálfun í að taka viðtöl, svara spurningum og þjálfa rétta ritun.

Að spyrja spurninga? Unnið áfram með viðtöl.

Nemendur þurfa að svara eftirfarandi spurningum um bekkjarfélaga sína. Áður þurfa þeir að fá upplýsingar hjá þeim.

1) Fyrst svara nemendur spurningum um sjálfan sig. Spurningar eru skrifaðar út frá upplýsingum sem hefur verið safnað.

Dæmi: Er eftirnafn Maríu Comes?

Á Jose heima í Hafnarfirði?

Nemendur skrifa þessar spurningar. Svo svara þeir spurningunum.

Nemendum sýnt hvernig á að leita upplýsinga með því að skrifa samræðupunkta á töfluna.

Samræðupunktar v/persónulegra upplýsinga.

Hvað heitirðu að eftirnafni?

Hvar áttu heima?

Hvernig skrifarðu _____?

Viltu endurtaka það?

Aðrir samræðupunktar

Tónlist

Hlustar Ida á rapp músik?

Hlustar Jose á disco tónlist?

Hvaða tónlist hlustar Anna á?

Húsnæði

Á Joel heima í einbýlishúsi?

Í hvernig húsi á Barbara heima í?

Á Helena heima í blokk?